



Reykjavík, 12. ágúst 2024

MSS24020128

MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Varðandi tillögu fulltrúa í ungmennaráði Breiðholts um áherslu á nútíma samfélagsfræði í grunnskólum borgarinnar

Á fundi borgarstjórnar þann 27. febrúar 2024 var samþykkt að vísa svohljóðandi tillögu Andreu Sæmundsdóttur, fulltrúa í ungmennaráði Breiðholts til meðferðar skóla- og frístundaráðs:

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að fela skóla- og frístundasviði að gera nauðsynlegar breytingar til að grunnskólar leggi meiri áherslu á nútíma samfélagsfræði í grunnskólum og þar með umfjöllun um það sem er að gerast í samfélaginu hverju sinni frá og með hausti 2024.

Tillögunni fylgdi greinargerð.

Umsögn skóla- og frístundaráðs:

Í greinargerð með tillögunni kemur fram að tillöguflýtyjandi telur að ekki sé rætt mikið við nemendur í grunnskólum um atburði líðandi stundar og það sem er að gerast í heiminum. Lagt er til að a.m.k. ein kennslustund í viku sé tileinkuð samræðu um atburði líðandi stundar og það sem er í gangi í heiminum hverju sinni. Slíkar samræður yti undir áhuga nemenda á umheiminum og hvetji þá til „að afla sér enn meiri upplýsinga um ástand jarðarinnar“, eins og það er orðað í greinargerðinni.

Í aðalnámskrá grunnskóla er sérstakur kafli um samfélagsgreinar (24. kafli) en samfélagsgreinar eru þær greinar þar sem fjallað er um samfélög og menningu á upplýsandi og gagnrýninn hátt. Í kafla 24.1 um menntagildi og megintilgang samfélagsgreina segir: „Samfélagsgreinum er ætlað að hjálpa nemendum að bregðast við áskorunum úr umhverfinu og nærsamfélaginu í krafti skynsemi sinnar og gera þeim grein fyrir eigin ábyrgð á þeim leiðum, sem hver og einn velur sér, til þess að fóta sig í félagi við annað fólk og umhverfi“. Í sama kafla er fjallað um menntagildi samfélagsgreina sem felist einkum í „að þroska hæfni nemenda til að eiga í innihaldsríkum samskiptum við aðra“. Í sama kafla kemur einnig fram að markmið samfélagsgreina sé „að stuðla að skilningi nemenda á mörgum þeim hugmyndum og hugsjónum sem liggja til grundvallar viðhorfum okkar til umhverfis, auðlinda, menningar og sögu. Þeim er ætlað að gera nemendum kleift að nálgast samfélagsleg og siðferðileg álitamál með hjálp samræðunnar og láta afstöðu sína mótast af rökum“.

Í kafla 24.2 í aðalnámskrá grunnskóla er umfjöllun um hæfniviðmið fyrir samfélagsgreinar sem skiptast í þrjá flokka; reynsluheim, hugarheim og félagsheim. Í flokknum *Reynsluheimur* eru umhverfi, saga og menning til umfjöllunar og hæfni nemenda til skilja veruleika sinn. Í flokknum *Félagsheimur* er fjallað um samskipti og hæfni nemenda til að mynda og þróa tengsl við aðra. Í flokknum *Hugarheimur* er sjálfsmýnd nemenda til umfjöllunar og hæfni þeirra til að átta sig á



Reykjavík



sjálfum sér og öðrum. Samræða er hluti af hæfniviðmiðum við lok 4., 7. og 10. bekkjar í flokknum *Félagsheimur*.

Í kafla 24.3 er fjallað um kennsluaðferðir og námsmat í samfélagsgreinum. Þar er m.a. tekið sérstaklega fram að umræðu- og spurnaraðferðir séu leiðir sem geti aukið hæfni í samfélagsgreinum, þjálfí samræðu og gagnrýna hugsun sem eflist með þátttöku í samræðum. Þá gefist nemendum tækifæri til að velta fyrir sér, ígrunda og ræða sín á milli og við kennarann um ákveðna þætti námsefnisins á markvissan, krefjandi og skapandi hátt. Í hópvinnu fara fram samræður og tjáning sem aukið geta skilning á viðhorfum og skoðunum annarra. Í aðalnámskránni er mælt til þess að nemendur fái ávallt tækifæri til að ræða um viðfangsefnið og að samvinna sé sem oftast og mest. Þátttaka í samræðum á að vera hluti af matsaðferðum í samfélagsgreinum samkvæmt aðalnámskránni.

Það efni sem á að taka til umfjöllunar samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla styður eindregið þá tillögu sem fram kom frá fulltrúa í ungmennaráði Breiðholts um að taka til umfjöllunar og ígrundunar málefni líðandi stundar og það sem hæst ber í samfélagslegri umræðu hverju sinni.

Í aðalnámskrá grunnskóla er s.k. viðmiðunarstundaskrá sem segir til um skiptingu tíma milli námssviða og námsgreina í grunnskóla. Að meðaltali eiga að vera um 3,5 kennslustundir á viku í samfélagsgreinum sem skiptist á milli trúarbragðafræði, lífsleikni, jafnréttisfræðslu og siðfræði. Í öllum þessum undirþáttum samfélagsgreina gefst ráðrúm til að ræða málefni líðandi stundar og það sem er efst á baugi í samfélaginu hverju sinni og um leið þjálfá nemendur í samræðulist, tjáningu, rökræðum og ígrundun sem efla gagnrýna hugsun.

Í almennum aðgerðum vegna [innleiðingar menntastefnu borgarinnar 2022 – 2024](#) er í kaflanum um sjálfsefningu, félagsfærni og lýðræði áhersla á að virkt barna- og unglingalýðræði og að skapa tækifæri fyrir börn og unglinga um að taka þátt í umræðum og koma skoðunum sínum á framfæri um öll mál sem þau varða. Börn og unglingar eiga því að hafa möguleika á að ræða málefni sem þau varða, skiptast á skoðunum og koma sínum skoðunum á framfæri við sem flest tækifæri í skóla- og frístundastarfinu og það þarf að kenna og þjálfá þau í að taka þátt í umræðu, rökræðum og að skiptast á skoðunum á málefnalegan hátt.

Skóla- og frístundasvið getur því heilshugar tekið undir mikilvægi þess að börn og unglingar fái tækifæri til að ræða saman um málefni líðandi stundar og það sem er að gerast í samfélaginu og umheiminum hverju sinni eftir því sem þau hafa þroska og getu til. Kenna þarf og þjálfá börn og unglinga í að taka þátt í málefnalegum umræðum, að hlusta á aðra og ígrunda til að geta tekið upplýstar ákvarðanir um eigið líf og framtíð. Skóla- og frístundasvið telur jafnframt að nægt svigrúm eigi að vera innan samfélagsgreina og ýmissa annarra námsgreina- og sviða til að taka ofangreind málefni á dagskrá eins og lagt er til í tillögunni.

Skóla- og frístundasvið leggur því til að skólastjórnendur grunnskóla hvetji kennara til að ræða málefni líðandi stundar við nemendur sína og nýta þau fjölmörgu tækifæri sem gefast í skólastarfinu hverju sinni til að setja á dagskrá þau mál sem brenna á nemendum og gefa þeim tækifæri til að taka þátt í umræðum og koma skoðunum sínum á framfæri og um leið efla hæfni sína í hlustun, samræðulist, rökræðum og gagnrýnni hugsun.